



306. fundur Afrekssjóðs ÍSí Miðvikudagur 20. desember 2023

Rafrænn fundur vegna hlutaúthlutunar.

Stjórn: Daníel Jakobsson (DJ) formaður, Guðrún Inga Sívertsen (GS) , Sigrún Sjöfn Ámundadóttir (SÁ) , Þórey Edda Elísdóttir (ÞE) , Knútur G. Hauksson (KH).

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð.

1. Ákvörðun um hlutaúthlutun

Ekki hefur náðst að klára að vinna gögn fyrir stjórn sjóðsins vegna veikinda. Gert er ráð fyrir því að það klárast næstu daga.

Nokkur sérsambönd munu þurfa að greiða töluverðan kostnað vegna stórra afreksverkefna í árslok 2023 og ársbyrjun 2024 og hafa óskað eftir því að fá greitt úr sjóðnum sem fyrst. Því er talið rétt að veita þeim hlutaúthlutun byggða á innsendum umsóknum þeirra líkt og tíðkast hefur undanfarin ár.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSí leggur því til við framkvæmdastjórn ÍSí að veittur verði styrkur til neðangreindra sérsambanda.

Eru styrkveitingar veittar með þeim fyrirvara að þær skulu endurskoðaðar þegar lokatillögur að styrkveitingum til allra sérsambanda liggja fyrir vegna ársins 2024 en slíkt fyrirkomulag hefur viðhafst undanfarin ár til að auðvelda sérsamböndum að fjármagna kostnaðarsöm verkefni í upphafi árs.

Með þessu er hægt að hefja greiðslu styrkja til þeirra sérsambanda sem eru í verkefnum í byrjun árs 2023, en almennt verður miðað við að greiðslur til sérsambanda dreifist yfir árið eftir nánara samkomulagi miðað við þarfir sérsambanda og greiðslugetu sjóðsins.

Með þessum styrkveitingum er að mestu verið að styrkja þá þætti sem skilgreindir eru í úthlutunarramma sjóðsins sem fastir styrkir samkvæmt þeim viðmiðum sem kynnt hafa verið fyrir sérsamböndum ÍSí og umsóknir taka mið af. Heildarúthlutun að þessu sinni er því 35 m.kr. sem skiptist á eftirfarandi hátt:

- Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) – 15 m.kr.
- Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ) – 15 m.kr.
- Íshökkísamband Íslands (ÍHÍ) – 5 m.kr.

Neðangreindir aðilar samþykktu ofangreinda tillögu í tölvupósti:

Daníel Jakobsson

Guðrún Inga Sívertsen

Sigrún Sjöfn Ámundadóttir

Þórey Edda Elísdóttir

Knútur G. Hauksson